

KIRKJUGARÐARÁÐ

Fjarfundur

185. fundur haldinn fimmtudaginn 10. júní 2022

Pátttakendur voru:

Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson fyrrverandi forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs sem ritaði fundargerð. Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri boðaði forföll,

1. Fundur settur.

Fundur var settur kl. 15:00

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Umsögn kirkjugarðaráðs við skýrslu GLIT um stöðu líkbrennslu.

Í umsögn ráðsins er farið yfir kostnað varðandi, fjármögnun, afköst, val á ofnum, eignarhald og markaðsstöðu, þróun, lífsskoðun og trú.

3. Ársreikningur kirkjugarðasjóðs árið 2021.

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikninginn sem unninn var af Ríkisendurskoðun, en ráðið hafði fengið ársreikninginn sendan fyrir fundinn. Á árinu 2021 varð 3.369.238 m. kr. tekjuhalli af rekstri Kirkjugarðasjóðs. Heildartekjur með fjármunatekjum voru 106.288.332 kr. en gjöldin voru 109.657.570 kr. Ársreikningur samþykktur án athugasemda.

4. Staðan á útreikningum á nýju umhirðu- og grafargjaldi.

Í ársreikningi vegna framlags ríkisins til kirkjugarða árið 2021, sem lagður var fram á síðasta fundi ráðsins, kom fram að handbært fé um áramót var um 19 milljónir. Skammtímaskuldir rúmar 39 milljónir eigið fé rúmar 20 milljónir í mínus. Til að laga hallann taldi Kirkjugarðaráð nauðsynlegt að lækka framlag til heildarumhirðu kirkjugarða frá 1. júlí og fram að áramótum, um 3% til að mæta þessum halla. Er þetta m.a. gert til að ekki þurfi að koma til mikillar skerðingar á næsta ári. Umhirðugjaldið eftir skerðingu er því eftirfarandi:

Umhirða til grafreita á árinu 2022 eftir 3% lækkun um mitt ár (tölur eru afrúnaðar)

Greiðslu flokkur	Fermetrar 31.12.21	Einingarverð á hvern fm jan-jún 22	Einingarverð á hvern fm júl-des 22	Umhirðu-framlag jan-jún	Umhirðu-framlag júl-des	Umhirðu-framlag 2022
0	1.738	0	0	0	0	0
1	89.482	173	168	7.752.720	7.520.139	15.272.859
2	98.669	173	168	8.548.682	8.292.222	16.840.904
3	93.853	258	251	12.125.338	11.761.578	23.886.917
4	84.602	424	411	17.917.012	17.379.501	35.296.513
5	73.858	602	584	22.227.565	21.560.738	43.788.303
6	64.623	718	697	23.213.551	22.517.144	45.730.695
7	113.537	718	697	40.784.193	39.560.668	80.344.861
8	54.971	893	866	24.536.856	23.800.750	48.337.605
9	170.725	893	866	76.204.811	73.918.667	150.123.478
10	559.609	893	866	249.787.073	242.293.461	492.080.534
	1.405.667			483.097.802	468.604.868	951.702.670

5. Næsti fundur.

Áætlað er að halda næsta fund í Vestmannaeyjum þann 1. september og kynna sér í leiðinni framkvæmdir þar við kirkjugarðinn.

6. Önnur mál.

Ekkert undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 16:10.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Guðmundur Rafn Sigurðsson,
ritari